Fuglavernd

24.06.2026

Efni: Umsögn Fuglaverndar um drög að aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030 -mál nr. S-96/2026 í samráðsgátt

Fuglavernd fagnar fyrirliggjandi drögum að aðgerðaráætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030 og telur að verði áætlunin samþykkt og markmiðum hennar náð verði um stórt framfaraskref að ræða.

Í aðgerðaáætluninni er að finna margar góðar og þarfar aðgerðir í þágu líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi. Þó má gera betur og hér á eftir verður fjallað um tillögur Fuglaverndar að úrbótum fyrirliggjandi aðgerða og að öðrum mikilvægum aðgerðum. Sjónum verður því beint að því sem betur má fara frekar en því góða sem finna má í aðgerðaráætluninni. Almennt má þó segja að útfærsla einstakra verkefna í þessum drögum að aðgerðaáætlun er stundum fremur óljós og mætti gjarnan útfæra nánar.

Í aðgerðaáætluninni er allvíða talað um eflingu líffræðilegrar fjölbreytni svæða en því má ekki gleyma að vernd tegunda er líka vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Dæmi um ágætlega heppnað átak í slíku er vernd og endurreisn hafarnarstofnsins, sem var áður helsta baráttumál Fuglaverndar. Í tegundavernd eru mikil sóknarfæri t.d. í að tengja válista, veiðistjórnun og aðgerðir til verndar.

Hér á eftir koma athugasemdir við einstaka kafla aðgerðaáætlunarinnar.

1.1 Landbúnaður og náttúruvernd

Mikilvægt er að tryggja að landbúnaður fari fram með sjálfbærum hætti og í sátt og samlyndi við náttúruna. Vill Fuglavernd í því tilliti benda á upplagt verkefni sem fallið gæti hér undir. Undanfarið hefur borið á auknum þrýstingi um að leyfa veiðar á álft (sem er alfriðuð) og gæsum utan hefðbundins veiðitíma til að stemma stigu við tjóni sem þessir fuglar geta valdið á ræktarlöndum. Að leyfa slíkar veiðar að vori og sumri (þ.e. á varptíma fugla) er þó algjörlega ótækt út frá siðferðilegum sjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum auk þess sem alltaf ætti að reyna til fullnustu aðgerðir sem ekki fela í sér dráp þegar um er að ræða náttúrulegar tegundir (tegundir sem ekki eru framandi í viðkomandi landi). Því væri upplagt verkefni að ráðast í faglega vinnu við mat á umfangi tjóns af völdum fugla í ræktarlöndum og fara síðan í skipulögð tilraunaverkefni með aðgerðir sem ekki fela í sér dráp á fuglum og eru ætlaðar til þess að draga úr tjóni, og meta árangur þeirra. Finna má fjölda dæma um árangursíkar aðgerðir af þessu tagi erlendis frá

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

sem hægt er að læra af og nýta sér hér á landi. Gott yfirlit fyrir málaflokkinn og mögulegar aðgerðir má finna hér:
https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf.

Árangursvísar þessa verkefnis gefa ekki miklar upplýsingar um árangur til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og eru fremur metnaðarlitlir.

1.2 Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu
Þetta er afar mikilvægur málaflokkur og ljóst að mikil tækifæri liggja í samstarfi við bændur og aðra landeigendur um vernd og endurheimt vistkerfa. Ekki er þó nóg að bjóða einungis upp á hvata til verndunar vistkerfa heldur þarf einfaldlega að banna rask á mikilvægum vistkerfum líkt og votlendi, leirum og náttúruskógum, óháð stærð þeirra, nema í þágu brýnna almannahagsmuna og fara þá jafnframt fram á endurheimt mun stærra svæðis en þess sem raskað er. Meira en nóg hefur verið ræst fram af votlendi hér á landi og enn er á hverju ári miklu meira framræst en endurheimt. Nauðsynlegt er að stoppa nýframræslu alfarið strax, samhliða því að ráðast í stórátak í endurheimt á þeim framræstu svæðum sem ekki eru í virkri notkun. Í þessu samhengi þarf alltaf að hafa í huga að virkni og líffræðileg fjölbreytni óraskaðra svæða er jafnan meiri en á endurheimtum svæðum. Einnig er mikilvægt að muna að í flestum tilfellum verður tap náttúrulegra búsvæða í mörgum smáum skrefum sem hvert um sig þykja ekki stór. M.a. þess vegna er mikilvægt að hvetja til þess að öll mikilvæg náttúrusvæði verði látin óröskuð.

Þegar kemur að verkefnum tengdum landgræðslu og skógrækt er nauðsynlegt að gæta þess að einungis sé notast við innlendar tegundir með það að markmiði að endurheimta fyrri vistkerfi sem raskast hafa eða tapast. Margar af þeim framandi tegundum sem nýttar hafa verið í landgræðslu og skógrækt hér á landi hafa reynst ágengar og þar með haft í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins.

1.4 Fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni
Mjög mikilvægt er að huga að fjármögnun aðgerða eins og þarna er gert. Gjarnan mætti þó nefna helstu gerðir aðgerða sem yrðu fjármagnaðar á þennan hátt, t.d. verndun mikilvægra náttúrusvæða, endurheimt raskaðra búsvæða og aðgerðir gegn framandi ágengum tegundum.

2.2 Endurheimt raskaðra vistkerfa á ríkisjörðum
Fuglavernd fagnar þessum tillögum, enda ætti að vera einfalt fyrir stjórnvöld að ráðast í endurheimt vistkerfa á þeim jörðum sem ríkið á og hefur umsjón með. Fuglavernd vill þó einnig hvetja stjórnvöld til að koma ríkisjörðum sem teljast mikilvægar fyrir lífríkið undir formlega vernd, en mikil tækifæri geta leynst þar.

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

3. Stjórnsýsla og samhæfing

Undir þennan kafla vantar sárlega aðgerð sem snýr að því að endurskoða lagaramma og regluverk um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Löngu tímabært er að slík endurskoðun fari fram. Þegar liggur fyrir ítarleg þarfagreining á þeim atriðum sem breyta þarf frá núgildandi lögum í skýrslunni *Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*, sem skilað var árið 2013 í góðri sátt helstu hagsmunaaðila eftir langt samráðsferli. Vegna þess að nær engar breytingar hafa orðið á lagarammanum síðan skýrslan kom út, þá stendur hún enn að fullu fyrir sínu. Fuglavernd telur eindregið að skýrslan ætti að vera grundvöllur að nýjum lagaramma um villt dýr. Hana má finna hér https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf.

Fuglavernd telur að ekki ætti undir nokkrum kringumstæðum að leyfa veiðar eða sölu afurða tegunda sem falla í verstu flokka válista (CR, EN, VU) enda geta slíkar veiðar aldrei talist sjálfbærar. Gerð válista fylgir alþjóðlega viðurkenndri vísindalegri aðferðafræði og ætti regluverkið að vera þannig úr garði gert að þegar stofn lendir í einhverjum af hættuflokkum válista (CR, EN, VU), ætti sjálfkrafa að virkja ferli í stjórnkerfinu sem grípur til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Þetta geta verið aðgerðir varðandi veiðistjórnun, vernd gegn framandi og ágengum tegundum (t.d. mink) og/eða vernd og endurheimt búsvæða – allt eftir því sem við á í hverju tilfelli.

3.3 Framandi ágengar tegundir

Fuglavernd telur að koma þurfi í veg fyrir frekari innflutning og útbreiðslu framandi tegunda sem geta ógnað lífríki landsins. Nauðsynlegt er að stjórnvöld móti sér stefnu, viðbragsáætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun varðandi framandi ágengar tegundir, sem tekur til fyrirbyggjandi aðgerða, snemmbúinna aðgerða og aðgerða gegn tegundum sem þegar hafa náð fótfestu og eru jafnvel útbreiddar. Þá verður að vera til staðar opinber, faglegur, uppfærður listi yfir ágengar tegundir hérlendis (sjá 3.4 hér að neðan), sem byggir á alþjóðlega viðurkenndum, ritrýndum aðferðum. Beita þarf varúðarreglu, efla vöktun og eftirlit og grípa snemma til aðgerða þar sem hætta er á tjóni á lífríki. Sérstaklega þarf að huga að tegundum sem hafa þegar valdið neikvæðum áhrifum.

Það veldur vonbrigðum að engin af forgangsaðgerðum stefnunnar fjalli um framandi og ágengar tegundir í ljósi þess að um er að ræða eina helstu ógnina við líffræðilega fjölbreytni og að framandi ágengar lífverur séu leiðarljós gildandi stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Fuglavernd leggur því til að ein af forgangsaðgerðunum verði mótun á stefnu, viðbragsáætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun varðandi framandi ágengar tegundir á Íslandi, auk gerð áhættumats um helstu framandi tegundir sem hér hafa náð fótfestu og þykja líklegar til að vera eða verða ágengar, sbr. næsta kafla.

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

3.4 Framkvæmd áhættumats fyrir valdar framandi tegundir

Þetta er afar brýnt verkefni, enda löngu kominn tími til að gerður verði uppfærður og formlegur listi yfir ágengar tegundir á Íslandi sem unninn er með faglegum hætti. Slíkur listi þarf þó að vera í reglulegri endurskoðun og þetta verkefni því í raun viðvarandi. Reynist tegund vera ágeng þarf síðan að fylgja því eftir með vöktun á útbreiðslu og áhrifum tegundarinnar og grípa til skipulagðra aðgerða sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum tegundarinnar á íslensk vistkerfi og meta árangur þeirra aðgerða. Í drögum að aðgerðaáætlun er talað um „valdar“ framandi tegundir. Slíkt orðalag er ótraustvekjandi. Skiljanlegt er að forgangsraða því hvaða tegundir verði metnar, enda um mikla vinnu að ræða, en brýnt að forgangsröðunin verði fagleg og unnin af sérfræðingum um framandi og ágengar tegundir.

4.2 Virk svæðisvernd á landi

Hér skortir metnað. Þrátt fyrir að nokkuð stór hluti þurrlendis Íslands sé vissulega þegar friðlýstur, þá er aðeins tiltölulega lítill hluti þess friðlýstur vegna mikilvægis fyrir líffræðilega fjölbreytni og því ljóst að enn er langt í land til að ná markmiði Kunming–Montreal rammasamkomulagsins (GBF) um að 30% svæða sem teljast mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni séu undir skipulagðri verndun fyrir árið 2030. Þessi aðgerð virðist fyrst og fremst snúa að því að greina hver þeirra svæða sem nú þegar eru undir einhvers konar vernd geti talist með skv. skilgreiningu samnings SÞ um líffræðilega fjölbreytni. Því virðist sem stjórnvöld ætli sér að ganga eins skammt og hægt er þegar kemur að verndarsvæðum á landi, en ljóst er að það þarf að eiga sér stað stórátak í vernd okkar mikilvægustu lífríkissvæða (sjá 4.4 hér að neðan).

4.3 Átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana

Fuglavernd fagnar því að ráðast eigi í átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana friðlýstra svæða, en vill benda á að einnig þarf að fara í stórátak í gerð sérstakra stjórnunar- og verndaráætlana fyrir hinar ýmsu fuglategundir, sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti, eru veiddar eða eru líklegar til að verða fyrir neikvæðum áhrifum af mannavöldum. Slík vinna er löngu hafin á vegum Náttúruverndarstofnunar en gengur alltof hægt. Því þarf að veita stofnuninni fjármagn til að flýta henni.

4.4 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Fuglavernd fagnar því að friðlýsa eigi þau sjö svæði sem listuð eru upp undir þessum lið, en betur má ef duga skal. Taka þarf tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár inn í framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, gefa þarf kortlögðum alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum (IBA) skýrt lagalegt vægi og fjölga þarf Ramsarsvæðum og tryggja viðeigandi vernd þeirra. Fuglavernd telur að meginreglan ætti að vera að öll IBA svæði væru friðlýst. Þróa þarf betri aðferðafræði við friðlýsingar, þar

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

sem heimafólk er innlimað í verkefnin frá fyrstu stigum hugmynda um friðlýsingar en sá þáttur virðist oft hafa orðið hugmyndum um friðlýsingar að falli.

5. Þekking, gögn og vöktun

Fuglavernd fagnar því að stefnt verði að eflingu, rannsókna, vöktunar og miðlunar. Betur má þó ef duga skal, því brýnt er að stórauka náttúrufræðikennslu í skólum og miðlun upplýsinga um náttúruna til almennings. Hvorugt er nefnt í aðgerðaáætluninni en er þó hluti af þeim grunni sem þarf að byggja til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni.

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Snæþór Aðalsteinsson, varaformaður Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is